

Gera þarf grein fyrir bólusetningastöðu nemenda í Ískrá, þ.e. hvort nemendur séu með fullnægjandi eða ófullnægjandi bólusetningar eða hvort þeim hafi verið hafnað.

Við nýskráningu nemenda skoðar Ískrá bólusetningar þeirra og merkir bólusetningastöðuna ,FULLNÆGJANDI' eða ,ÓFULLNÆGJANDI'

Notendur þurfa hins vegar að breyta ,ÓFULLNÆGJANDI' í ,FULLNÆGJANDI' þegar nemandinn hefur fengið viðeigandi bólusetningar. Einnig þurfa notendur og merkja ,HAFNAÐ' eða ,HAFNAÐ AÐ HLUTA' hjá þeim nemendum þar sem forráðamenn hafa óskað eftir því. Í þeim tilfellum þarf einnig að skrá höfnun á viðkomandi bólusetningu og skrá samskipti.

- Hægt er að skrá bólusetningastöðu nemenda á tveimur stöðum í Ískrá

- Heilsufarsskrá nemanda

- Ónæmisaðgerðarglugga nemanda

- Farið er í örina fyrir aftan ,Bólusetningar' og viðkomandi bólusetningastaða valin
- Staðan er skráð á öðrum hvorum staðnum, þ.e. annað hvort í heilsufarsskrá eða ónæmisaðgerðarglugga og þá breytir Ískrá á hinum staðnum í samræmi.

Valið er:

- **FULLNÆGJANDI** ef nemandi hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur [skv. fyrirmælum embætti Landlæknis](#).
- **ÓFULLNÆGJANDI** ef einhverja bólusetningu vantar ⇒ skrá samskipti og fylgja eftir að barnið verði fullnægjandi bóluset.
- **HAFNAÐ AÐ HLUTA** ef forráðamaður hefur óskað eftir því að barn þess fái ekki ákveðna bólusetningu ⇒ [skrá samskipti og skrá höfnun](#) á viðkomandi bóluefni.
- **HAFNAÐ** ef forráðamaður hefur óskað eftir því að barn þess fái engar bólusetningar ⇒ [skrá samskipti og skrá höfnun](#) á öllum bóluefnum.